

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 180/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1595 frá 23. október 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar 23. túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 22) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/412 frá 14. mars 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 12 og 23 og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 3 og 11 ⁽²⁾.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32018 R 1595:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1595 frá 23. október 2018 (Stjtið. ESB L 265, 24.10.2018, bls. 3),
- **32019 R 0412:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/412 frá 14. mars 2019 (Stjtið. ESB L 73, 15.3.2019, bls. 93).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/1595 og (ESB) 2018/412, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 265, 24.10.2018, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 73, 15.3.2019, bls. 93.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING